



# Tryggingastofnun ríkisins

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2016

Nóvember 2017



RÍKISENDURSKOÐUN



# Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	3
2	Niðurstöður og ábendingar .....	4
2.1	Útistandandi kröfur .....	4
2.2	Yfirdráttur á bankareikningi .....	4
3	Viðbrögð stofnunar við ábendingum .....	5
3.1	Útistandandi kröfur .....	5
3.2	Yfirdráttur á bankareikningi .....	5
4	Fjárheimildir og rekstur .....	6
4.1	Fjárheimildir .....	6
4.2	Rekstraráætlun.....	6
4.3	Niðurstaða.....	6
5	Innra eftirlit.....	7
5.1	Inngangur .....	7
5.2	Umfjöllun .....	7
5.3	Niðurstaða.....	8
6	Fylgni við lög og reglur.....	9
6.1	Inngangur .....	9
6.1.1	Ferðakostnaður.....	9
6.1.2	Risna.....	9
6.1.3	Opinber innkaup .....	9
6.1.4	Kaup á sérfræðipjónustu .....	9
6.1.5	Innkaupakort.....	9
6.1.6	Láns- og reikningsviðskipti .....	9
6.1.7	Virðisaukaskattur og endurgreiðslur .....	9
6.2	Niðurstaða.....	10
7	Endurskoðun efnahagsliða .....	11
7.1	Eignir .....	11
7.1.1	Ríkissjóður.....	11
7.1.2	Viðskiptakröfur .....	11
7.1.3	Handbært fé.....	12
7.2	Eigið fé og skuldir .....	12
7.2.1	Höfuðstóll .....	12
7.2.2	Yfirdráttarlán.....	12
7.2.3	Viðskiptaskuldir.....	12
7.3	Niðurstaða.....	12
8	Önnur atriði .....	13
8.1	Staðfestingarbréf stjórnenda .....	13
8.2	Lögfræðibréf.....	13
8.3	Óhæðisyfirlýsing .....	13
8.4	Umfang endurskoðunar, yfirlýsing .....	13

# 1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings fjárlagaliðar 08-201 Tryggingastofnun ríkisins fyrir árið 2016

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi stofnunarinnar og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur stofnunarinnar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðeigandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem við á.

Ársreikningar Tryggingastofnunar ríkisins hafa verið reglulega til skoðunar undanfarin ár, síðast á árinu 2016 vegna ársins 2015.

## 2 Niðurstöður og ábendingar

Endurskoðun ársreiknings Tryggingastofnunar ríkisins fyrir árið 2016 er lokið. Eftirfarandi ábendingar og athugasemdir eru gerðar vegna endurskoðunar ársins 2016 en um er að ræða ítrekun á ábendingum og athugasemdum sem gerðar voru á síðasta ári.

### 1. Útistandandi kröfur

Ítrekaðar eru fyrri ábendingar um að afstemming og uppgjör þurfi að fara fram vegna eldri krafna á hendur Sjúkratryggingum Íslands. Bent er á að ógreiddar útistandandi kröfur hafa veruleg áhrif á greiðslugetu Tryggingastofnunar ríkisins.

Tilmæli um að gerður verði samningur milli Sjúkratrygginga og Tryggingastofnunar eru ítrekuð þar sem slíkur samningur myndi taka af öll tvímæli um greiðsluskyldu Sjúkratrygginga Íslands í rekstri sameiginlegra tölvukerfa.

### 2. Yfirdráttur á bankareikningi

Gerð er athugasemd við yfirdrátt á bankareikningi stofnunarinnar í árslok 2016 en yfirdráttur á bankareikningum er óheimill samkvæmt reglum nr. 83/2000 um láns- og reikningsviðskipti. Stofnunin á í viðræðum við Fjársýslu ríkisins vegna þessa.

### 3 Viðbrögð stofnunar við ábendingum

Viðbrögð Tryggingastofnunar ríkisins við ábendingum og athugasemdum bárust Ríkisendurskoðun í tölvupósti 17. ágúst 2017 og voru eftirfarandi:

#### 1. Útistandandi kröfur

„Tryggingastofnunin útbjó og sendi Sjúkratryggingum fyrr á árinu drög að þjónustusamningi í samræmi við ábendingu Ríkisendurskoðunar. Sjúkratryggingar hafa fram að þessu ekki brugðist við drögnum með öðrum hætti en að tilkynna að drögin séu ekki vænleg sem samningsgrundvöllur.

Stjórn TR sendi ráðuneytisstjóra velferðarráðuneytisins bréf dags. 19. september með ósk um að ráðuneytið bregðist við ábendingum Ríkisendurskoðunar og taki málið upp. Stjórnin telur eðlilegt að Sí greiði reikninga í samræmi við þjónustusamning og úrskurð ráðuneytisins.

Tryggingastofnun sendir Sjúkratryggingum reikninga reglulega vegna þjónustu TR við Sí í samræmi við þjónustusamning og ákvarðanir og úrskurð velferðarráðuneytis. Skuldastaða Sí við TR hefur reglulega verið kynnt og rædd á fundum með velferðarráðuneytinu. Á síðasta fundi lagði ráðuneytið til að TR sendi Sí ítrekunarbref vegna skuldarinnar og var það gert með bréfi dags. 20.09 2017.“

#### 2. Yfirdráttur á bankareikningi

„Tryggingastofnun hefur verið í viðræðum við Fjársýsluna vegna þessa, en ekki er komin niðurstaða. Yfirdrátturinn er eingöngu vegna skuldar Sjúkratrygginga við Tryggingastofnun. Sú krafa var jafnframt fjármögnuð að hluta með skuld við ríkissjóð á árinu 2015.“

## 4 Fjárheimildir og rekstur

### 4.1 Fjárheimildir

Framlag ríkissjóðs á fjárlögum fyrir árið 2016 nam 1.083,4 m.kr. Til viðbótar fékk Tryggingastofnun 18 m.kr. í fjárukalögum vegna undirbúnings laga um breytingar á almannatryggingalögum sem tóku gildi 1. janúar 2017 og 35 m.kr. sem millifærðar voru af fjárlagalið 08-190 Ýmis verkefni vegna aukins umfangs og breyttra forsenda í rekstri Tryggingastofnunar í kjölfar aðskilnaðar verkefna Tryggingastofnunar og Sjúkratrygginga Íslands. Endanleg fjárheimild ársins var því 1.136,4 m.kr. Rekstrargjöld að frádregnum tekjum námu samtals 1.134,5 m.kr. og varð því 1,9 m.kr. tekjuafgangur á árinu 2016 sem er 1,7% af fjárheimild ársins samanborið við 4,9 m.kr. tekjuafgang árið áður.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstri á árinu 2016 ásamt samanburði við rekstur fyrra árs:

Í þús. kr.	Fjárlög 2016	Fjárheimild 2016	Rekstur 2016	Frávik 2016	Rekstur 2015
Sértekjur	-51.800	-51.800	-53.908	2.108	-76.547
Launagjöld	791.800	791.800	849.902	-58.102	786.135
Önnur rekstrargjöld	303.800	356.800	324.895	31.905	340.429
Eignakaup	39.600	39.600	13.571	26.029	14.367
Tilfærslur	0	0	17	-17	0
Samtals	1.083.400	1.136.400	1.134.477	1.923	1.064.384

### 4.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar, hún skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins. Rekstraráætlun fyrir árið 2016 var skráð í fjárhagskerfi ríkisins og er reglulega farið yfir frávik frá rekstraráætlun.

### 4.3 Niðurstaða

Tekjuafgangur Tryggingastofnunar ríkisins árið 2016 nam 1,9 m.kr og uppsöfnuð rekstrarniðurstaða var jákvæð um 10,5 m.kr. í árslok 2016. Rekstraráætlun er skráð í fjárhagskerfi ríkisins og fylgst er með frávikum frá henni innan ársins.

## 5 Innra eftirlit

### 5.1 Inngangur

Forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins og eftir atvikum stjórn, ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

### 5.2 Umfjöllun

Greining og mat á eftirlitsumhverfinu leiddi í ljós að ýmsir verkferlar sem stuðla að innra eftirliti bókhalds, fjármála og tölvumála eru fyrir hendi. Umsjón og ábyrgð með bókhaldi og fjárreiðum er vel skilgreind og afmörkuð. Viðvera starfsmanna hjá Tryggingastofnun er skráð með stimpilklukku. Fjárhagskerfi ríkisins eru notuð fyrir bókhalds- og launavinnslu. Eignir eru skráðar í eignaskrárkerfi fjárhagskerfisins og ferðauppgjörskerfi er notað vegna ferða starfsmanna erlendis. Ýmsar skriflegar verklagsreglur eru til um innra eftirlit s.s. yfirlit yfir þá aðila sem sjá um kaup á vörum og þjónustu og samþykkja kaupin með áritun á reikninga. Ríkisendurskoðun ítrekar þó fyrri ábendingu að bæta má skjalfestingu verklagsreglna t.d. vegna innkaupa og innkaupastefnu. Samkvæmt upplýsingum Tryggingastofnunar er vinna við skjalfestingu slíkra reglna hafin og er stefnt að því að ljúka henni fyrir lok þessa árs. Farið er regulega yfir aðgangsheimildir starfsmanna í fjárhagskerfi stofnunarinnar á fundum starfsmanna fjármálasviðs og upplýsingatæknisviðs samkvæmt upplýsingum sviðsstjóra fjármálasviðs.

Útgefnir tekjureikningar eru skráðir í viðskiptakröfuhluta (AR) fjárhagskerfis ríkisins en aðrar tekjufærslur eru skráðar beint í fjárhagsbókhaldið. Gefnir eru út reikningar vegna kostnaðarhlutdeildar Sjúkratrygginga í rekstri tölvukerfa á grundvelli kostnaðargreininga sem velferðarráðuneytið lét vinna. Ekki hefur verið gerður samningur milli Tryggingastofnunar og Sjúkratrygginga vegna reksturs tölvukerfa. Ríkisendurskoðun ítrekar fyrri ábendingu um að eðlilegt er að gerðir séu samningar milli stofnana vegna þeirrar þjónustu sem Tryggingastofnun veitir Sjúkratryggingum. Slíkur samningur tæki af öll tvímæli um greiðsluskyldu Sjúkratrygginga í rekstri tölvukerfanna á gildistíma hans.

Starfsmenn á fjármálasviði sjá um bókun og greiðslu útgjaldareikninga stofnunarinnar eftir að samþykki fyrir greiðslum liggur fyrir. Full aðgreining er milli starfa bókara og gjaldkera. Nokkrir tilgreindir starfsmenn Tryggingastofnunar hafa innkaupakort sem þeir nota við kaup á vörum og þjónustu fyrir stofnunina. Settar hafa verið reglur um notkun kortanna hjá stofnuninni.

Launavinnsla er í föstum skorðum innan fjármálasviðs en gerð og samþykki ráðningarsamninga fer fram á skrifstofu forstjóra. Mannauðsstjóri og sviðsstjóri viðkomandi sviðs samþykkja ráðningarsamninga í umboði forstjóra.



## 5.3 Niðurstaða

Ríkisendurskoðun bendir á eftirfarandi atriði varðandi innra eftirlit hjá Tryggingastofnun ríkisins:

- Bæta má skjalfestingu verklagsreglna t.d. vegna innkaupa og innkaupastefnu. Samkvæmt upplýsingum Tryggingastofnunar er vinna við skjalfestingu slíkra reglna hafin og er stefnt að því að ljúka henni fyrir lok þessa árs.
- Ríkisendurskoðun ítrekar að eðlilegt sé að gerðir séu samningar milli stofnana vegna þeirrar þjónustu sem Tryggingastofnun veitir Sjúkratrygginga Íslands. Slíkur samningur tæki af öll tvímæli um greiðsluskyldu Sjúkratrygginga í rekstri tölvukerfa á gildistíma samnings.

## 6 Fylgni við lög og reglur

### 6.1 Inngangur

Fjárhagsendurskoðun tekur mið af því hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem við á. Fjallað er sérstakleg um fjárheimildir og rekstraráætlun í fjórða kafla. Eftirfarandi liðir voru teknir til skoðunar vegna ársins 2016:

#### 6.1.1 Ferðakostnaður

Samkvæmt athugunum á úrtaki ferðareikninga er reglum um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins fylgt og það á einnig við um uppgjör slíkra ferða. Uppgjör ferðareikninga er unnið í ferðauppgjörskerfi.

#### 6.1.2 Risna

Risnureikningar ársins 2016 voru skoðaðir með úrtaksskoðun. Nokkuð skorti á að risnureikningar í úrtaki væru samþykktir af forstjóra auk þess að upplýsingar um tilefni risnu og hverjir nutu risunnar voru ekki alltaf skráðar á reikninga eða í fylgigögn með reikningum.

#### 6.1.3 Opinber innkaup

Verklagsreglur Tryggingastofnunar við innkaup eru ekki sérstaklega skráðar. Ríkisendurskoðun ítrekar tilmæli undanfarinna ára um að stofnunin skjalfesti innkaup og setji innkaupastefnu fyrir stofnunina. Samkvæmt upplýsingum stofnunarinnar er hafin vinna við það og stefnt að því að henni ljúki fyrir árslok 2017.

#### 6.1.4 Kaup á sérfræðipjónustu

Samningar um þjónustu og/eða kaup á tölvukerfum sem gerðir voru í árslok 2014 til tveggja ára voru framlengdir til loka árs 2017. Ríkisendurskoðun hefur bent á að hafa þarf samráð við Ríkiskaup um gerð samninga um hugbúnað og kaup á tölvukerfum auk þjónustu. Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins mun samráð verða haft við Ríkiskaup þegar kemur að því að gera nýja samninga eða endurnýja núverandi samninga við hugbúnaðarverktaka fyrir stærstu upplýsingatæknikerfi stofnunarinnar.

#### 6.1.5 Innkaupakort

Stofnunin nýtir innkaupakort við kaup á vörum og þjónustu og eru helstu stjórnendur stofnunarinnar með innkaupakort. Reglur um notkun innkaupakorts eru fyrirliggjandi hjá stofnuninni.

#### 6.1.6 Láns- og reikningsviðskipti

Tryggingastofnun er ekki með samninga um kaupleigu eða fjármögnunarleigu og ekki heldur skuldbindingar til lengri tíma en 90 daga. Yfirdráttur er á bankareikningi stofnunarinnar í árslok 2016.

#### 6.1.7 Virðisaukaskattur og endurgreiðslur

Bókun og kóðun færslna reikninga sem bera VSK eru í samræmi við fyrirmæli Fjárslu ríkisins. Inneign vegna endurgreiðslu VSK færast til eignar á endurgreiðslureikning VSK. Beiðnir um

endurgreiðslu VSK eru svo sendar eftir hvert uppgjörstímabil til Ríkisskattstjóra og í framhaldi af því greidd af Tollstjóra til stofnunarinnar.

## 6.2 Niðurstaða

Ríkisendurskoðun gerir athugasemd við ákveðna þætti í rekstri Tryggingastofnunar ríkisins sem snúa að fylgni við lög og reglur og bendir á eftirfarandi:

- Frágang risnureikninga má bæta. Samþykki forstjóra þarf að liggja fyrir vegna þessarar útgjalda. Tilgreina skal tilefni risnu á reikninginn eða fylgiblað með honum. Jafnframt skal greint frá því hverjir nutu risnunnar.
- Yfirdráttur var á bankareikningi stofnunarinnar í árslok 2016 en það samrýmist ekki reglum um láns- og reikningsviðskipti ríkisstofnana í A-hluta.

## 7 Endurskoðun efnahagsliða

Í árslok 2016 námu eignir 126,4 m.kr., skuldir námu 115,9 m.kr. og höfuðstóll var jákvæður um 10,5 m.kr.

Í þús.kr.	2016	2015	Breyting
Eignir:			
Ríkissjóður	9.107	0	9.107
Viðskiptakröfur	117.040	106.770	10.270
Handbært fé	265	2.998	-2.733
Eignir alls	126.412	109.768	16.644
Eigið fé og skuldir:			
Höfuðstóll	10.503	8.580	1.923
Yfirdráttarlán	70.782	5.912	64.869
Ríkissjóður	0	56.413	-56.413
Viðskiptaskuldir	45.127	38.862	6.265
Eigið fé og skuldir alls	126.412	109.768	16.644

### 7.1 Eignir

#### 7.1.1 Ríkissjóður

Inneign hjá ríkissjóði nam 9,1 m.kr. en í lok fyrra árs var skuld við ríkissjóð 56,4 m.kr.

#### 7.1.2 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur námu 117,0 m.kr. í árslok 2016 sem er hækkun um 10,3 m.kr. frá fyrra ári. Stærstur hluti krafna er færður í viðskiptakröfuhluta (AR) fjárhagskerfisins eða 108,9 m.kr. Bókfærð krafa vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts af sérfræðipjónustu nam 8,0 m.kr.

Endurskoðun var fólgin í yfirferð á stöðu viðskiptamanna í árslok 2016. Listi yfir viðskiptakröfur var skoðaður og yfirfarinn. Eins og fram hefur komið í endurskoðunarbréfum undanfarinna ára er stór hluti krafna vegna Sjúkratrygginga Íslands en um er að ræða reikninga sem gefnir voru út árin 2011 og 2012 en auk þess hefur hluti krafna frá árinu 2015 og 2016 ekki verið greiddur. Kröfur Tryggingastofnunar á hendur Sjúkratryggingum Íslands hafa því hækkað og voru orðnar 96,8 m.kr. í árslok 2016. Í byrjun ágúst 2017 höfðu kröfurnar hækkað enn frekar og voru þá 118,2 m.kr. Ítrekaðar eru fyrri ábendingar um að viðskiptareikningurinn verði yfirfarinn og stemmdur af. Jafnframt eru ítrekuð tilmæli til velferðarráðuneytis að taka málið upp þar sem það snýr eingöngu að tveimur stofnunum ráðuneytisins. Ekki verður annað séð en að velferðarráðuneyti þurfi að taka málið upp en um verulegar fjárhæðir er að ræða sem munu að öðru óbreyttu hafa umtalsverð áhrif á rekstrarniðurstöðu Tryggingastofnunar ef þær fást ekki greiddar. Einnig þarf að fara yfir aðrar kröfur stofnunarinnar og gera viðeigandi ráðstafanir vegna þeirra og í framhaldi þarf að tryggja að allt ferli innan Tryggingastofnunar við innheimtu svo og afstemmingu krafna sé í lagi.

### 7.1.3 Handbært fé

Handbært fé nam 265 þús. kr. í árslok 2016 og var um að ræða innstæður á þremur bankareikningum, í Seðlabanka Íslands og Arion banka.

Við endurskoðun var óskað eftir staðfestingu viðskiptabanka á bankainnstæðum og var niðurstaðan sú að staða á bankareikningum var í samræmi við stöðu í bókhaldi Tryggingastofnunar. Gerð er athugasemd við að fyrrverandi starfsmenn hafi enn prókúru á bankareikninga stofnunarinnar og ítrekuð þau tilmæli sem fram komu í síðasta endurskoðunarbréfi að farið verði yfir hvort prókúrir á einstaka bankareikninga séu réttar.

## 7.2 Eigið fé og skuldir

### 7.2.1 Höfuðstóll

Höfuðstóll nam 10,5 m.kr. í árslok 2016. Staða höfuðstóls batnaði um 1,9 m.kr. frá fyrri ári eða sem nemur tekjuafgangi ársins.

### 7.2.2 Yfirdráttarlán

Yfirdráttur á bankareikningi í Seðlabanka Íslands nam 70,8 m.kr. í árslok 2016. Ríkisendurskoðun ítrekar fyrri athugasemd vegna þessa en samkvæmt reglum um láns- og reikningsviðskipti ríkisstofnana í A-hluta er ríkisstofnunum óheimilt að fjármagna rekstur sinn með þessum hætti, sjá nánar kafla 6.1.6.

### 7.2.3 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir námu 45,1 m.kr. í árslok 2016 og hækkuðu um 6,3 m.kr. frá fyrra ári. Þar af voru 43,5 m.kr. reikningar í viðskiptaskuldakerfi (AP) fjárhagskerfisins sem komu til greiðslu í byrjun árs 2017.

Endurskoðun var fólgin í yfirferð á stöðu viðskiptaskulda í árslok 2016. Enginn mismunur var á stöðu viðskiptaskuldakerfis og fjárhagsbókhaldi í árslok 2016 en mismunur milli kerfishluta var fluttur til á árinu 2015 og stendur sem krafa í viðskiptamannabókhaldi á kennitölu Tryggingastofnunar. Verið er að vinna í þeim mismun.

## 7.3 Niðurstaða

Ríkisendurskoðun ítrekar fyrri ábendingar um að farið verði yfir viðskiptakröfur og skuldir og þær stemmdar af og gerðar upp. Fara þarf yfir og gera upp aðrar kröfur í viðskiptamannabókhaldi stofnunarinnar. Í einhverjum tilvikum liggur fyrir að afskrifa þarf kröfur þar sem ekki hefur verið eðlilega staðið að uppgjöri einstakra viðskiptakrafna og afstemmingu milli kerfishluta. Í framhaldi af því þarf að tryggja að allt ferli innan stofnunarinnar við innheimtu svo og afstemmingu krafna sé í lagi. Sérstaklega er bent á viðskiptakröfur Tryggingastofnunar gagnvart Sjúkratryggingum. Ítrekuð eru fyrri tilmæli til velferðarráðuneytis að það taki málið upp þar sem kröfurnar snúa að tveimur undirstofnunum ráðuneytisins.

## 8 Önnur atriði

### 8.1 Staðfestingarbréf stjórnenda

Staðfestingarbréf stjórnenda, sem sent var til stofnunarinnar af Fjársýslu ríkisins var samþykkt og undirritað af forstjóra og framkvæmdastjóra 8. júní 2017.

### 8.2 Lögfræðibréf

Lögfræðikostnaður var tæpar 4 m.kr. í bókhaldi Tryggingastofnunar. Aðallega er um að ræða kostnað við undirbúning og flutning mála hjá dómstólum þar sem reynt hefur á framkvæmd laga um almannatryggingar.

### 8.3 Óhæðisyfirlýsing

Óhæðisyfirlýsingar þeirra endurskoðenda sem sáu um endurskoðun hjá Tryggingastofnun ríkisins voru undirritaðar.

### 8.4 Umfang endurskoðunar, yfirlýsing

Yfirlýsing um umfang endurskoðunar hjá Tryggingastofnun ríkisins var undirrituð af ríkisendurskoðanda og forstjóra Tryggingastofnunar 24. febrúar 2015.

Í yfirlýsingunni er gerð grein fyrir ábyrgð og hlutverki hvors aðila varðandi reikningsskil Tryggingastofnunar ríkisins.



Ríkisendurskoðun – Bríetartúni 7  
Pósthólf 5350 – 125 Reykjavík  
Sími 569-7100

[postur@rikisend.is](mailto:postur@rikisend.is) – [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)